

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við þágildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

*Breyting á deiliskipulagi Syðri-Brúar, Lækjarbrekka 31 og 33.*

Í breytingunni felst að lóð nr. 31 minnkar úr 8.207 m<sup>2</sup> í 6.544 m<sup>2</sup> og lóð nr. 33 stækkar úr 13.143 m<sup>2</sup> í 14.723 m<sup>2</sup>. Stærðir byggingarreita breytast í samræmi við það.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. maí 2010.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 5. júlí 2011.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**